

Fundargerð



Fundur haldinn í Mennta- og menningamálanefnd,
miðvikudaginn 8. apríl 2020 kl. 14:00 á skrifstofu Reykhólahrepps og í
gegnum fjarfundarbúnað.

Á staðnum eru Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir, Vilberg
Þráinsson og Íris Ósk Sigþórsdóttir fyrir hönd leikskóla. Anna Björg Ingadóttir skólastjóri,
Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara
voru í fjarfundi.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna. Gætt að því að allir sjái þau gögn sem um er
rætt á fjarfundi, allir sjáist og allir heyri hvað fer fram.

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fyrir og samþykkt samhljóða.

2. Covid-19

*Til að byrja með vill mennta- og menningamálanefnd hrósa öllum nemendum
Reykhólaskóla auk starfsfólks Reykhólaskóla, foreldrum og öllum sem koma að
skólanum að einhverju leyti. Þið hafið staðið ykkur frábærlega og haldið því alveg
örugglega áfram!*

*Forgangslisti nr. 11 frá almannavörnum fyrir grunn-, leikskóla og dagforeldra, bréf frá
sveitarstjórn til foreldra leikskóla- og grunnskólabarna lögð fyrir og kynnt. Kynnt
minnisblað frá samgöngu- og sveitastjórnarráðinu er varðar þjónustu við viðkvæma
hópa. Farið yfir bréf um þrif í grunn- og leikskólum í kjölfar samkomubanns.
Samkomubann á Íslandi hefur verið framlengt til 4. maí og augljóst er að skólastarf
þarf að halda áfram í gegnum fjarkennslu.*

*Mennta- og menningamálanefnd vill óska eftir að skólastjóri endurskoði hvort þörf er
á breytingum á hópum bæði hjá starfsmönnum og nemendum. Gæta þarf að hópar
séu ekki að blandast nú þegar veirusmit eru að færast í aukana.*

*Formanni mennta- og menningamálanefndar falið að hafa samband við
almannavarnarnefnd um að setja upp næstu skref ef upp kemur smit og senda út til
þeirra er málið varðar.*

3. Skóladagatal 2020-2021

Lögð fyrir drög að skóladagatali 2020-2021.

4. Kennslumagn 2020-2021

Lögð fyrir drög að áætlun að kennslumagni 2020-2021.

5. Starf leikskólastjóra – umsóknir og viðtöl

Þrjár umsóknir bárust um stöðu leikskólastjóra við Reykhólaskóla. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Ráðgjafar Tröppu ásamt sveitarstjóra og oddvita tóku viðtöl við tvo umsækjendur. Báðir umsækjendur voru metnir hæfir en annar hæfari til að sinna leikskólastjórastöðunna í ljósi menntunar og reynslu. Ákveðið var að fela oddvita og sveitarstjóra að ganga til viðræðna við báða umsækjendur í stöðu leikskólastjóra annarsvegar og leikskólakennara hinsvegar.

6. Ásgarður – Í skýjunum

Mennta- og menningamálanefnd er spennt fyrir framtakinu og að opnaður verði skóli óháður staðsetningu og jafnar möguleika barna til náms um land allt.

Mennta- og menningamálanefnd leggur til að oddvita verði falið að ganga frá þjónustusamning við Í skýjunum ehf um rekstur Ásgarðs - skóla í skýjunum.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu Menntamálastofnunnar, sbr. 2. mgr 43. gr. a. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, sem staðfestir rekstrarleyfi skólans. Oddvita falið að óska eftir að Í skýjunum ehf haldi kynningu fyrir skólastjóra og starfsfólk grunnskóla um starfsemi fyrirtækisins og möguleikum á samstarfi.

7. Stefna Reykhólaskóla og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna.

Stefnan kynnt fyrir mennta- og menningamálanefnd.

Til kynningar

8. Karaconnect

Kynnt fyrir nefndinni.

9. Leikskólavöllur – framkvæmd

Kynnt fyrir nefndinni.

Önnur mál

10. Vinnuskóli

Tómstundafulltrúi fer yfir hugmyndir og annað vegna vinnuskóla.

Fundi slitið kl. 15:50